

Borgarbyggð
Þóra Margrét Júlíusdóttir
Digranesgötu 2
310 Borgarnes

Reykjavík, 8. mars 2023
UST202302-338/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Englandslaug í Lundarreykjadal - Borgarbyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 22. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á deiliskipulagi fyrir Englandslaug í Lundarreykjadal í Borgarbyggð.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir að gömul sundlaug sem núna er á svæðinu verði lagfærð, eftir því sem þarf og aðkoma að henni bætt, m.a. með göngubrú yfir Tunguá. Einnig þarf að útbúa búningsaðstöðu fyrir gesti. Á norðurbakka Tunguár er dæluhús fyrir hitaveitu. Hugmyndir eru um að byggt verði nýtt hús sem væri bæði fyrir hitaveitu og búningsaðstaða fyrir gesti.

Umhverfismatsskýrsla

Samkvæmt leiðbeiningum Skipulagsstofnunar¹ eru umhverfisviðmið skilgreind sem umhverfisverndarmarkmið í stefnu stjórnvalda og viðmiðunarmörk í reglugerðum, lagaákvæðum eða alþjóðasamningum, sem umhverfisáhrif stefnumiða áætlunar eru borin saman við, svo hægt sé að taka afstöðu til vægis tiltekinna umhverfisáhrifa. Umhverfisstofnun bendir þess vegna á mikilvægi þess að eftirfarandi þættir komi fram í umhverfismatsskýrslu tillögunnar:

Umhverfisstofnun telur að undir umhverfisviðmiðum fyrir umhverfispáttinn *gróður* í töflu 1 sé mikilvægt að Bernarsamningurinn sé hafður sem viðmið þar sem vistgerðirnar á skipulagssvæðinu eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Auk þess þarf að fjalla um Reykjafoss þar sem hann nýtur sérstakrar verndar samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Baðstaðir í náttúrunni

Umhverfisstofnun telur að baðstaðurinn, sem er hér til umfjöllunar, geti fallið undir reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni en markmið reglugerðarinnar er að stuðla að öryggi notenda og bættum hollustuháttum á baðstöðum í náttúrunni. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skilgreining á náttúrulegum sé skýrari í tillögunni og tekið sé mið af 3. gr. ofangreindrar reglugerðar þar sem fjallað er um skilgreiningar.

¹ <https://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/aaetlanamat.pdf>

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir

sérfræðingur